

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörurnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	2.200 kg
vöruliðir	1602.20XX	2.200 kg
vöruliðir	1602.3XXX	13.800 kg
vöruliðir	1602.4XXX	11.000 kg
vöruliðir	1602.50XX	4.000 kg
vöruliðir	1602.90XX	3.000 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. júní 1998.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

**um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á
nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.**

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst -</i>				
Tollnúmer: <i>vöruliðir 0202 og 0210:</i>		79.800		
0202.3002 Lundir	01.07.98-30.06.99		0	494
0202.3003 Hryggvöðvar	01.07.98-30.06.99		0	494
0202.3004 Vöðvar af læri	01.07.98-30.06.99		0	494
<i>Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað,</i>				
Tollnúmer: <i>þurrkað eða reyk:</i>				
0210.2001 Beinlaust	01.07.98-30.06.99		0	301
Tollnúmer: <i>Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:</i>		53.600		
Tollnúmer: <i>Svínakjöt, fryst:</i>				
0203.2903 Hakkað	01.07.98-30.06.99		0	228
0203.2904 Lundir	01.07.98-30.06.99		0	401
0203.2905 Hryggvöðvar	01.07.98-30.06.99		0	401
0203.2906 Vöðvar af læri	01.07.98-30.06.99		0	401
0203.2909 Annað	01.07.98-30.06.99		0	401
Úr tollnr.: <i>Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reyk:</i>				
0210.1200 Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.98-30.06.99		0	287
Tollnúmer:				
0210.1901 Reykt - beinlaust	01.07.98-30.06.99		0	325
Úr tollnr.:				
0210.1909 Annars - beinlaust	01.07.98-30.06.99		0	325
<i>Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207:</i>				
Tollnúmer: <i>Kjöt og ætíð hlutar af hænsnum, fryst:</i>		49.800		
0207.1200 Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.98-30.06.99		0	147
0207.1401 Beinlaust	01.07.98-30.06.99		0	147
0207.1402 Lifur	01.07.98-30.06.99		0	202
0207.1409 Annað	01.07.98-30.06.99		0	147
<i>Af kalkúnum:</i>				
0207.2500 Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.98-30.06.99		0	202
0207.2701 Beinlaust	01.07.98-30.06.99		0	202
0207.2702 Lifur	01.07.98-30.06.99		0	202
0207.2709 Annað	01.07.98-30.06.99		0	202
<i>Af öndum, gæsum eða perluhænsnum:</i>				
0207.3300 Ekki skorið í hluta, fryst	01.07.98-30.06.99		0	202
Tollnúmer: <i>Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208:</i>		12.000		
0208.9006 Hreindýrakjöt, fryst	01.07.98-30.06.99		0	465
Úr tollnr.:				
0208.9009 Annars - Strútakjöt, fryst	01.07.98-30.06.99		0	272

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta

úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleysis og er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar nr. 525/1996 um innflutning á sláturfurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.

4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun. Þó skal að lágmarki og hámarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

		Að lágmarki:	Að hámarki:
vöruliður	0207.25xx og 0207.27xx	4.500 kg	7.000 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. júní 1998.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Jón Höskuldsson.

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 189/1994
um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.**

1. gr.

Við 3. gr. bætist nýr töluliður, 3.8., sem orðast svo:

Um borð í bátum undir 12 metrum sem notaðir eru í atvinnuskyni skal vera viðurkenndur vinnufatnaður fyrir alla um borð, sem er einangrandi og búinn floti.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 35 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 1998.

Samgönguráðuneytinu, 3. júní 1998.

Halldór Blöndal.

Helgi Jóhannesson.